

L Ö G

um heimild til erlendar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9 732 millj. kr.

2. gr.

Af fjáröflun skv. 1. gr. skal 6 870 millj. kr. varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1977. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 862 millj. kr. á árinu.

3. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1977.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög þjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 40. grein komi ný 41. gr., svo hljóðandi:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur og 45. gr. nær ekki til, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

3. mgr. 46. gr. hefst svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. grein tekur til, ásamt gjaldskrá sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Ný 4. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Pegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætla Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinn áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1977 skal álagningaráðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl., til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.
3. Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskránumer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir: